

tíl þingsályktunar um fullnaðarskil ríkisstjórnarinnar við Pál J. Torfasón fyrir milligöngu hans við enska lánið, er ríkissjóðnr tók árið 1921.

Flatsingsm.: Benedikt Sveinsson, Jón Ólafsson, Jörundur Brynjólfsson,
Einar Jónsson, Jóhann P. Jósefsson, Lárn Helgason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að greiða Páli J. Torfasyni það, sem honum reynist vangöldið af þóknun þeirri, er umsamin var af ríkisstjórninni fyrir milligöngu hans við enska lánið, er ríkissjóður tók árið 1921.

Greinargerð.

Þingsályktunnartillögu sama efnis fluttu tveir þingmenn í sameinuðu Alþingi 1929, en hana dagaði nppi í þinglok. Til þess að ná sama takmarki, sem til var stefnt með ályktunninni, rituðn 24 alþingismenn ríkisstjórninni áskorun þá, er hér fylgir og dagsetf er á Alþingi 18. maí s. l.:

Vér andirritaðir alþingismenn leyfum oss hér með að skora á ríkisstjórnina að greiða Páli J. Torfasyni það, sem honum kann að reynast vangöldið af þóknun þeirri, er nmsamin var af ríkisstjórninni fyrir milligöngu hans við enska lánið, er ríkissjóður tók árið 1921.

Alþingi, 18. maí 1929.

Jón Ólafsson.
Bernh. Stefánsson.
Einar Jónsson.
Jón Baldvinsson.
Bjarni Ásgeirsson.
H. J. Kristófersson.
Erlingur Friðjónsson.
Ingvar Palmason.
H. Steinsson.

Gunnar Sigurðsson.
Jóhann P. Jósefsson.
Sveinn Ólafsson.
Benedikt Sveinsson.
Magnús Torfasón.
Páll Hermannsson.
Hannes Jónsson.
Jónas Kristjánsson.
Porleifur Jónsson.

Jón A. Jónsson.
Magnús Jónsson.
Ásg. Ásgeirsson.

Björn Kristjánsson.
Ólafur Thors.
Sig. Eggerz.

Fjármálaráðherra hefir síðan rannsakað málið eftir þeim skjölum, er fyrir liggja. Hefir hann talið réttasta leið að bera mál þetta aftur undir Alþingi.